

Þriðji fundur Umhverfisnefndar 2014-2015 haldinn 21. janúar 2015 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Böðvar Snær og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður og verkefnisstjóri og fulltrúi foreldra Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Guðrún setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega nýja fulltrúa foreldra og áheyrnarfulltrúa foreldra Sunnevu Kristjánsdóttur.

Fyrst rifjaði Guðrún upp reglu fundarins um að rétta upp höndina til að fá orðið og las svo yfir síðustu fundargerð.

Á síðasta fundi kom Guðrún með hugmynd um að við myndum lesa þjóðsögur meðal annars um systravatn og systrastapa. Fundarmenn rifjuðu þær upp og sögðu Söndru frá sögunni um nunnurnar sem hurfu í Systravatni. Þá báðu fundarmenn um að við rifjuðum upp hvað tákn Grænfánans standa fyrir sem við gerðum.

Guðrún sagði frá því að 6. febrúar væri dagur leikskólans og útskýrði stuttleg fyrir fundarmönnum fyrir hvað hann stæði og að Kæríbær hafi alltaf sett upp listasýningu í einhverju fyrirtæki staðarins í tilefni dagsins. Fundarmenn ræddu og rifjuðu upp hvar sýningarnar hafa verið undanfarin ár og komu uppástungur um að hafa hana í Skaftárskála eða félagsheimilinu þetta árið. Kosið var um á hvorum staðnum halda ætti sýninguna og féllu atkvæði þannig að 4 atkvæði voru með Skaftárskála og 5 atkvæði með félagsheimilinu.

Þá skapaðist umræða um hvað við ætjum að gera fyrir listasýninguna og komu margar góðar hugmyndir, t.d. að gera ýmiskonar list sem tengist kóngulóm og bíó af því sem við erum að gera hér í Kærabæ.

Þórunn kom inn á fundinn með hugmynd um að setja fuglafóður í trén svo litlu fuglarni fái eitthvað að borða þar sem dúfurnar borða allt frá þeim sem við hendum á jörðina.

Tillögurnar voru samþykktar af öllum fundarmönnum.

Guðrún þakkaði fyrir góðan fund og sagði fund slitinn.